
Fjarskipti hf.

Samandreginn árshlutareikningur
samstæðunnar

1. janúar til 30. júní 2016

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	3
Fjárhagslegar lykiltölur	4
Könnunaráritun óháðra endurskoðenda	5
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu	6
Efnahagsreikningur	7
Eiginfjáryfirlit	8
Sjóðstreymisyfirlit	9
Skýringar við samandreginn árslutareikning	10

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu. Árshlutareikningurinn hefur að geyma samandreginn samstæðureikning Fjarskipta hf. og dótturfélags þess, P/F Kall í Færeyjum og hlutdeild í sameiginlegum rekstri í Sendafélaginu ehf. Árshlutareikningur samstæðunnar 1. janúar til 30. júní 2016 hefur verið kannaður af endurskoðendum félagsins.

Á öðrum fjórðungi ársins hóf félagið að bjóða alþjóðlega fyrirtækjalausn Vodafone Group, en um er að ræða nýja alþjóðlega þjónustulausn, sem gerir viðskiptavinum í alþjóðlegri starfsemi kleift að sameina fjarskiptaviðskipti sín hjá einum aðila og njóta þannig enn betri þjónustu og kjara. Unnið var að fjölgun háskerpustöðva og breyttri áherslu í stöðvauppröðun, auk þess sem framboð af erlendum stöðvum var aukið. Þá birti félagið loftlagsmarkmið sín á heimasíðu félagsins í tengslum við aðild sína að Festu og markmið um samfélagslega ábyrgð.

Samkvæmt rekstrarreikningi námu tekjur samstæðunnar af seldum vörum og þjónustu 6.762 millj. kr. (6.660 millj. kr. 1.1 til 30.6.2015). Hagnaður af rekstri samstæðunnar á tímabilinu nam 445 millj. kr. (537 millj. kr. 1.1 til 30.6.2015). Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 15.112 millj. kr. (15.474 millj. kr. 31.12.2015). Eigið fé samstæðunnar þann 30. júní 2016 nam 6.844 millj. kr. (9.079 millj. kr. 31.12.2015). Eiginfjárhlutfallið 30. júní 2016 var 45,3% (58,7% 31.12.2015). Þar af nam hlutfé 2.690 millj. kr. (3.270 millj. kr. 31.12.2015).

Á aðalfundi félagsins þann 17. mars 2016 var samþykkt arðgreiðslustefna fyrir félagið. Stefnt er að því að greiða hluthöfum arð og/eða framkvæma endurkaup eigin hluta sem nemur 30-60% af hagnaði eftir skatta í samræmi við gildandi lög og reglur hverju sinni.

Þá var samþykkt að lækka hlutfé með greiðslu af eigin fé til hluthafa þess, að fjárhæð kr. 2.500 millj. kr. Lækkun nafnverðs nemur 545 millj. kr. og lækkun yfirverðs nemur 1.955 millj. kr. Framkvæmd lækkunarinnar miðaðist við 20. apríl 2016 og greiðsla til hluthafa fór fram 29. apríl 2016.

Stjórn samþykkti nýja endurkaupaáætlun í júní 2016, endurkaupin munu að hámarki nema 6.734.000 hlutum eða 2,5% af útgefnum hlutum í Fjarskiptum hf., en þó þannig að heildarkaupverð verði ekki hærra en 300 millj.kr. Áætlunin er í gildi til 30. september 2016 eða skemur ef skilyrði um hámarkskaup eru uppfyllt fyrir þá dagsetningu.

Yfirlýsing

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga IAS 34 eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu. Er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu samstæðunnar 30. júní 2016 ásamt rekstrarafkomu hennar og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2016.

Stjórn og forstjóri Fjarskipta hf. hafa í dag fjallað um samandreginn samstæðuárshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2016 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 22. ágúst 2016

Í stjórn:

Heiðar Guðjónsson, stjórnarformaður
Anna Guðný Aradóttir
Hildur Dungal
Hjörleifur Pálsson
Vilmundur Jósefsson

Forstjóri:

Stefán Sigurðsson

Fjárhagslegar lykiltölur

	2016	2015	2016	2015
	2F*	2F*	6M	6M
Fjárhagsupplýsingar				
Heildartekjur	3.467	3.408	6.762	6.660
Rekstrarhagnaður	404	454	728	849
Hagnaður fyrir tekjuskatt	309	370	555	668
Hagnaður tímabilsins	248	300	445	537
Hagnaður á hlut	0,90	0,90	1,70	1,60
Fjárfestingar	291	354	549	662
Handbært fé frá rekstri	656	857	1.227	1.396
Frammistöðumat				
EBITDA tímabilsins	751	776	1.420	1.495
EBITDA hlutfall	21,7%	22,8%	21,1%	22,5%
Frjálst fjárfæði (FCF)	454	656	841	985
Nettó vaxtaberandi skuldir	5.903	4.075	5.903	4.075
Nettó vaxtaberandi skuldir/EBITDA **	1,9	1,2	1,9	1,2

* Ársfjórðungslegar upplýsingar hafa ekki verið kannaðar af endurskoðendum

** EBITDA síðastliðinna 12 mánaða

Könnunaráritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar og hluthafa Fjarskipta hf.

Við höfum kannað meðfylgjandi árshlutareikning Fjarskipta hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2016. Árshlutareikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á árshlutareikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á tímabilinu, efnahag þess 30. júní 2016 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu.

Staðfesting vegna skýrslu stjórnar og forstjóra

Í samræmi við ákvæði 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga, staðfestum við að samkvæmt okkar bestu vitund eru í skýrslu og yfirlýsingu stjórnar og forstjóra sem fylgir árshlutareikningi þessum, veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 22. ágúst 2016

Deloitte ehf.

Björn Ingi Victorsson

Jóhann Óskar Haraldsson

Rekstrarreikningur

1. janúar til 30. júní 2016

	2016 2F*	2015 2F*	2016 6M	2015 6M
Seldar vörur og þjónusta	3.467	3.408	6.762	6.660
Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu	(1.862)	(1.806)	(3.616)	(3.547)
Framlegð	1.605	1.602	3.146	3.113
Rekstrarkostnaður	(1.201)	(1.148)	(2.418)	(2.264)
Rekstrarhagnaður	404	454	728	849
Fjármunatekjur	14	7	33	15
Fjármagnsgjöld	(109)	(91)	(206)	(196)
Hrein fjármagnsgjöld	(95)	(84)	(173)	(181)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	309	370	555	668
Tekjuskattur	(61)	(70)	(110)	(131)
Hagnaður tímabilsins	248	300	445	537
Hagnaður á hlut	0,90	0,90	1,70	1,60
Þynntur hagnaður á hlut	0,90	0,90	1,70	1,60

Yfirlit um heildarafkomu

1. janúar til 30. júní 2016

	2016 2F*	2015 2F*	2016 6M	2015 6M
Hagnaður tímabilsins	248	300	445	537
Liðir sem gætu síðar verið færðir um rekstrarreikning				
Þýðingarmunur vegna starfsemi erlends dótturfélags	(20)	1	(24)	(44)
Heildarafkoma tímabilsins	228	301	421	493

* Ársfjórðungslegar upplýsingar hafa ekki verið kannaðar af endurskoðendum

Efnahagsreikningur

30. júní 2016

	30.6.2016	31.12.2015
Fastafjármunir		
Rekstrarfjármunir	4.305	4.444
Óefnislegar eignir	7.205	7.229
Eignahlutur í hlutdeildar- og öðrum félögum	11	12
Skatteign	97	199
Fastafjármunir samtals	11.618	11.884
Veltufjármunir		
Birgðir	238	347
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	3.043	2.823
Handbært fé	213	420
Veltufjármunir samtals	3.494	3.590
Eignir samtals	15.112	15.474
Eigið fé		
Hlutfé	2.690	3.270
Yfirverðsreikningur hlutfjár	696	2.651
Þýðingarmunur	125	149
Óráðstafað eigið fé	3.333	3.009
Eigið fé	6.844	9.079
Langtímaskuldir		
Vaxtaberandi skuldir	6,7,8 5.678	4.047
Tekjuskattsskuldbinding	38	40
Langtímaskuldir samtals	5.716	4.087
Skammtímaskuldir		
Vaxtaberandi skuldir	6,8 438	296
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	2.002	1.907
Fyrirframinnheimtar tekjur	80	80
Tekjuskattur til greiðslu	32	25
Skammtímaskuldir samtals	2.552	2.308
Skuldir samtals	8.268	6.395
Eigið fé og skuldir samtals	15.112	15.474

Eiginfjáryfirlit

1. janúar til 30. júní 2016

	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur hlutafjár	Þýðingar- munur	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtals
1.1. til 30.6. 2015					
Eigið fé 1.1.2015	3.362	2.973	227	1.941	8.503
Eigin hlutir	(4)	(9)	-	-	(13)
Arðgreiðsla	-	-	-	(219)	(219)
Heildarafkoma tímabilsins	-	-	(44)	537	493
Eigið fé 30.6.2015	3.358	2.964	183	2.259	8.764
1.1. til 30.6. 2016					
Eigið fé 1.1.2016	3.270	2.651	149	3.009	9.079
Eigin hlutir	(35)	-	-	(121)	(156)
Hlutafjálækkun	(545)	(1.955)	-	-	(2.500)
Heildarafkoma tímabilsins	-	-	(24)	445	421
Eigið fé 30.6.2016	2.690	696	125	3.333	6.844

Sjóðstreymisyfirlit

1. janúar til 30. júní 2016

	2016 2F*	2015 2F*	2016 6M	2015 6M
Hagnaður tímabilsins samkvæmt rekstrarreikningi	248	300	445	537
Aðlögun vegna				
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna	257	242	513	484
Afskriftir óefnislegra eigna	90	80	179	162
Hrein fjármagnsgjöld	95	84	173	181
Söluhagnaður eigna	0	(6)	0	(6)
Tekjuskattur, breyting	61	70	110	131
Veltufé frá rekstri fyrir vexti og tekjuskatt	751	770	1.420	1.489
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum				
Birgðir, breyting	233	78	108	17
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur, breyting	(173)	154	(222)	68
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir, breyting	(70)	(17)	84	27
Fyrirframinnheimtar tekjur, breyting	4	17	0	38
Handbært fé frá rekstri fyrir vexti og tekjuskatt	745	1.002	1.390	1.639
Innborgaðar vaxtatekjur	11	7	22	14
Greidd vaxtagjöld	(100)	(152)	(185)	(257)
Handbært fé frá rekstri	656	857	1.227	1.396
Fjárfestingarhreyfingar				
Seldir rekstrarfjármunir	0	8	0	8
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	(207)	(259)	(395)	(456)
Fjárfesting í óefnislegum eignum	(84)	(95)	(154)	(206)
Fjárfestingarhreyfingar	(291)	(346)	(549)	(654)
Fjármögnunarhreyfingar				
Endurkaup á eigin hlutum	(57)	0	(156)	(13)
Hlutfjárlækkun	(2.500)	0	(2.500)	0
Greiddur arður	0	0	0	(219)
Tekið nýtt langtímalán	1.935	4.500	1.935	4.500
Afborganir langtímalána	(240)	(4.992)	(314)	(5.107)
Skammtímalán, breyting	151	(100)	151	100
Fjármögnunarhreyfingar	(711)	(592)	(884)	(739)
Breyting á handbæru fé	(346)	(81)	(206)	3
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	0	(2)	(1)	(14)
Handbært fé í byrjun tímabils	559	600	420	528
Handbært fé í lok tímabilsins	213	517	213	517

* Ársfjórðungslegar upplýsingar hafa ekki verið kannaðar af endurskoðendum

Skýringar

1. Félagið

Fjarskipti hf. ("félagið") er íslenskt hlutafélag. Höfuðstöðvar félagsins eru í Skútuvogi 2, Reykjavík. Meginstarfsemi félagsins er á sviði fjarskipta. Samandreginn samstæðuárshlutareikningur félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2016 hefur að geyma árs hlutareikning félagsins og dótturfélags þess, P/F Kall í Færeyjum og hlutdeild í sameiginlegum rekstri í Sendafélaginu ehf., sem vísað er til í heild sem „samstæðunnar“.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur sem koma fram í íslenskum lögum og reglum um ársreikninga skráðra félaga.

Árshlutareikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilareglum og lágu til grundvallar við gerð ársreikningsins 2015. Hann inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum árshlutareikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning félagsins fyrir árið 2015. Hægt er að nálgast ársreikning Fjarskipta hf. á heimasíðu félagsins www.vodafone.is. og á vef Kauphallar Íslands; www.nasdaqomxnordic.com.

Stjórn félagsins staðfesti og heimilaði birtingu árshlutareikningsins þann 22. ágúst 2016.

3. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Árshlutareikningur samstæðunnar er birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill samstæðunnar. Allar fjárhæðir eru birtar í milljónum króna nema annað sé tekið fram.

4. Mat stjórnenda í reikningsskilum

Gerð samstæðuárshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og dragi ályktanir sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og foresendur þess eru í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað og þeim framtíðartímabilum sem breytingarnar hafa áhrif á.

a. Ákvörðun gangvirðis

Hluti af reikningsskilaaðferðum og skýringum samstæðunnar krefjast ákvörðunar á gangvirði, bæði vegna fjármálagerninga og annarra eigna og skulda.

Að svo miklu leyti sem hægt er, notar samstæðan markaðsupplýsingar við ákvörðun gangvirðis en liggi slíkar upplýsingar ekki fyrir er byggt á mati stjórnenda. Ef upplýsingar frá þriðja aðila, líkt og verð frá miðlurum eða verðmatsþjónustu, eru notaðar við ákvörðun gangvirðis þá nýta stjórnendur upplýsingarnar til að styðja þá niðurstöðu að matið uppfylli kröfur um alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS), þar á meðal það stig sem slíkt mat myndi falla undir. Það er mat stjórnenda að bókfærð virði fjármálagerninga endurspegli gangvirði þeirra.

Gangvirðið er flokkað í þrjú stig eftir forsendum sem notaðar eru við matið:

- Stig eitt byggir á skráðu verði á virkum markaði fyrir samskonar eignir og skuldir.
- Stig tvö byggir á beinum eða óbeinum markaðsforsendum sem eru aðrar en skráð verð á virkum markaði sem flokkast undir stig eitt.
- Stig þrjú byggir á forsendum og gögnum sem ekki er unnt að afla á markaði.

Skýringar, frh.:

5. Starfsþáttayfirlit Rekstrarstarfsþættir

Starfsþáttaupplýsingar eru birtar eftir eðli rekstrar og byggja á skipulagi og innri upplýsingagjöf samstæðunnar.

Samstæðan skiptist í sex starfsþætti sem selja vörur og þjónustu á mismunandi mörkuðum. Starfsþættirnir eru:

Farsími samanstendur af öllum tekjum vegna notkunar á farsímum, þ.m.t. gagnaflutningum í farsímakerfinu, áskriftartekjum frá einstaklingum og fyrirtækjum, seldum frelsisinnæignum, reikitekjum frá ferðamönnum og samtengitekjum í farsíma.

Internet samanstendur af tekjum af netþjónustu í fastlínukerfum, þ.m.t. á ljósleiðara, xDSL þjónustu og öðrum gagnatengingum.

Fastlína samanstendur af tekjum vegna notkunar á heimasíma, fyrirtækjasíma í fastlínu og samtengitekjum í fastlínu.

Sjónvarp samanstendur af tekjum af dreifingu á báðum sjónvarpsdreifikerfum Vodafone, leigutekjum af myndlyklum og tekjum af leigu einstakra kvikmynda og þátta (TVOD), tekjum af áskriftaveitu Vodafone (SVOD), tekjum af áskriftum að línulegum stöðvum og tekjum af sölu eintaka sjónvarpsviðburða.

Vörusala samanstendur af sölu á fjarskiptabúnaði og fylgihlutum.

Aðrar tekjur samstanda af þjónustutekjum og leigu á endabúnaði.

Rekstrarstarfsþættir	Farsími	Internet	Fastlína	Sjónvarp	Vörusala	Aðrar tekjur	Jöfnunar-færslur	Samtals
1.1. til 30.6.2016								
Tekjur frá þriðja aðila	2.261	1.818	650	957	688	388	-	6.762
Innri tekjur	1	(1)	15	-	-	33	(48)	0
Tekjur samtals	2.262	1.817	665	957	688	421	(48)	6.762
<hr/>								
Óskipt rekstrargjöld								(5.342)
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA)								1.420
Afskriftir								(692)
Hrein fjármagnsgjöld								(173)
Tekjuskattur								(110)
Hagnaður tímabilsins								445
Þýðingarmunur vegna starfsemi erlends dótturfélags								(24)
Heildarafkoma tímabilsins								421
<hr/>								
Óskiptar eignir 30.6.2016								15.112
Óskiptar skuldir 30.6.2016								8.268
Fjárfestingar tímabilsins 1.1.2016 til 30.6.2016								549

Skýringar, frh.:

5. Starfspáttayfirlit, frh.:

Rekstrarstarfspættir	Farsími	Internet	Fastlína	Sjónvarp	Vörusala	Aðrar tekjur	Jöfnunar-færslur	Samtals
1.1. til 30.6.2015								
Tekjur frá þriðja aðila	2.345	1.686	733	841	765	290	-	6.660
Innri tekjur	1	3	20	-	3	22	(49)	0
Tekjur samtals	2.346	1.689	753	841	768	312	(49)	6.660

Óskipt rekstrargjöld								(5.165)
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA)								1.495
Afskriftir								(646)
Hrein fjármagnsgjöld								(181)
Tekjuskattur								(131)
Hagnaður tímabilsins								537
Þýðingarmunur vegna starfsemi erlends dótturfélags								(44)
Heildarafkoma tímabilsins								493

Óskiptar eignir 31.12.2015 **15.474**

Óskiptar skuldir 31.12.2015 **6.395**

Fjárfestingar tímabilsins 1.1.2015 til 30.6.2015 **662**

Landsvæðaskipting

Tekjur samstæðunnar greinast þannig eftir landsvæðum:

1.1. til 30.6.2016	Ísland	Færeyjar	Samtals
Tekjur frá þriðja aðila á tímabilinu	5.993	769	6.762
EBITDA á tímabilinu	1.310	110	1.420
Eignir starfspáttá í lok tímabilsins	13.777	1.335	15.112
Fjárfestingar tímabilsins	513	36	549

1.1. til 30.6.2015

Tekjur frá þriðja aðila á tímabilinu	5.768	892	6.660
EBITDA á tímabilinu	1.312	183	1.495
Eignir starfspáttá 31.12.2015	14.268	1.206	15.474
Fjárfestingar tímabilsins	588	74	662

Skýringar, frh.:

6. Vaxtaberandi skuldir

Vaxtaberandi langtímaskuldir greinast þannig:	30.6.2016	31.12.2015
Skuldir við lánastofnanir	6.116	4.343
Næsta árs afborganir	(438)	(296)
Vaxtaberandi langtímaskuldir samtals	5.678	4.047
Vaxtaberandi skammtímaskuldir greinast þannig:	30.6.2016	31.12.2015
Næsta árs afborganir langtímaskulda	438	296
Vaxtaberandi skammtímaskuldir samtals	438	296
Vaxtaberandi skuldir samkvæmt efnahagsreikningi samtals	6.116	4.343

7. Vaxtaberandi langtímaskuldir

Vaxtaberandi langtímaskuldir greinast þannig :	30.6.2016		31.12.2015	
	Vaxtakjör	Eftirstöðvar	Vaxtakjör	Eftirstöðvar
Skuldir í DKK	2,95%	270	-	-
Skuldir í ISK, óverðtryggðar	7,30%	5.846	7,3%	4.343
		6.116		4.343

8. Afborganir af langtímalánum

Afborganir af langtímalánum greinast þannig á næstu ár:	30.6.2016	31.12.2015
	0	296
Til greiðslu innan árs	438	296
Til greiðslu eftir ár en innan tveggja ára	592	300
Til greiðslu eftir tvö ár en innan þriggja ára	444	300
Til greiðslu eftir þrjú ár en innan fjögurra ára	445	300
Til greiðslu eftir fjögur ár en innan fimm ára	446	0
Afborganir síðar	3.751	2.851
Samtals	6.116	4.343

Í apríl gekk félagið frá fjármögnun vegna hlutfjárlekkunar til eigenda félagsins. Samið var við Landsbankann um langtímalán til 6,25 ára að fjárhæð 1.500 millj. kr., stækkun á rekstrarlánalínu úr 500 millj. kr. í 1.000 millj. kr., og við Eik banka P/F um lán til 7 ára að fjárhæð 15 millj. dkk.

9. Endurkaup eigin bréfa

Á stjórnarfundum 17. febrúar 2016 var samþykkt ný endurkaupaáætlun á eigin bréfum. Samkvæmt áætluninni máttu endurkaup félagsins nema að hámarki 100 millj. kr. að kaupvirði á tímabilinu 18. febrúar til 17. mars 2016. Endurkaupin samkvæmt framangreindri endurkaupaáætlun námu 21.687.000 kr. að nafnverði og kaupverðið 100 millj.kr.

Stjórn samþykkti aðra endurkaupaáætlun í júní 2016, endurkaupin munu að hámarki nema 6.734.000 hlutum eða 2,5% af útgefnum hlutum í Fjarskiptum hf., en þó þannig að heildarkaupverð verði ekki hærra en 300 millj.kr. Áætlunin er í gildi til 30. september 2016 eða skemur ef skilyrði um hámarkskaup eru uppfyllt fyrir þá dagsetningu.

Skýringar, frh.:

10. Önnur mál

Fjarskipti hf. („félagið“) á í málarekstri við einstaklinga, önnur félög og eftirlitsstofnanir á íslenskum fjarskiptamarkaði. Félagið færir skuldbindingar og/eða kröfur vegna málareksturs þegar hægt er að meta framtíðar greiðslur og ávinning með áreiðanlegum hætti. Vegna óvissu um framtíðarþróun málarekstrar, niðurstöður dómsmála, úrskurði, áfrýjanir og sættir í málum geta niðurstöður mála leitt til viðbótar skuldbindinga og kostnaðar fyrir félagið.

Stefna vegna innbrots í tölvukerfi

Sex einstaklingar stefndu félaginu vegna tjóns sem þeir töldu sig hafa orðið fyrir vegna innbrotsþjónnaðar erlends tölvuhakkara á heimasíðu Fjarskipta hf. í nóvember 2013 og í kjölfarið dreifingu þjófsins og annarra á hinum stolnu gögnum. Samanlögð stefnufjárhæð var um 121,5 millj. kr., auk vaxta og málskostnaðar. Héraðsdómur Reykjavíkur kvað upp dóma í málunum þann 26. apríl 2016 og 25. maí 2016, sbr. kauphallartilkyrningar með sömu dagsetningum. Niðurstaða héraðsdóms var sú að Fjarskipti hf. var sýknað af kröfum tveggja stefnenda en var dæmt skylt til að greiða fjórum þeirra skaðabætur, samtals að fjárhæð um 4,6 millj. kr. auk vaxta og málskostnaðar. Fjarskipti hf. tók þá ákvörðun að áfrýja ekki dómum héraðsdóms Reykjavíkur. Ekki hafa verið höfðuð fleiri mál á hendur félaginu vegna innbrotsins.

Fjarskipti hf. gegn IP fjarskiptum ehf. (nú 365 miðlum hf.)

Félagið hefur höfðuð dómsmál gegn 365 miðlum hf. (áður IP fjarskipti ehf.) til greiðslu skuldar fyrir veitta þjónustu á tímabilinu maí 2012 til janúar 2013, að fjárhæð 44 millj. kr. auk dráttarvaxa. Aðalmeðferð málsins hefur verið ákveðin og verður þann 17. október 2016. Í tengslum við sama ágreining höfðuðu 365 miðlar hf. mál gegn félaginu til riftunar á nánar tilteknum fjarskiptasamningum og viðurkenningar á skaðabótakröfu vegna meintrar ólögðmætrar riftunar. Héraðsdómur Reykjavíkur sýknaði Fjarskipti hf. en 365 miðlar hf. hafa áfrýjað niðurstöðu Hæstaréttar.

Fjarskipti hf. gegn Símanum hf.

Félagið hefur stefnt Símanum hf. vegna ólögðmæts verðþrýstings og nemur stefnufjárhæð í málinu ríflega 900 millj. kr. Síminn hf. gagnstefndi félaginu og nemur stefnufjárhæð Símans hf. um 2.500 millj. kr. Dómkvaddir matsmenn eru nú að störfum og aðalmeðferð málanna hefur ekki verið ákveðin.

Að síðustu má geta þess að félagið á í margháttar ágreiningi við Símann hf. fyrir stjórnvöldum og dómstólum vegna sjónvarpsmála. Má þar nefna ágreining um skráningu og notkun á vörumerkinu Tímaflak og lögbann sem Síminn fékk lagt á við því að félagið taki upp og miðli sjónvarpsefni Skjás eins með línulegum og ólínulegum hætti. Á hinn bóginn hefur Póst- og fjarskiptastofnun tekið stjórnvaldsákvörðun þess efnis að bann fjölmiðlalaga við því að fjölmiðlaveitan (Skjárinn) beini viðskiptum að eigin fjarskiptanetum á taki jafn til línulegs og ólínulegs efnis.

Á þessum tímavarki getur félagið ekki metið framtíðar skuldbindingar eða kröfur sem leiða af niðurstöðum ofangreinds málareksturs meðal annars vegna þess að það getur tekið langan tíma að fá niðurstöður í mál ásamt því að mál geta tekið breytingum og þróast í ólíkar áttir. Vegna þessa hefur engin skuldbinding né krafa verið færð í árshlutareikning félagsins.